

Samstaðan er stóra málid!



*Fylgist með, takíð þátt og
styðjið hjarabaráttu okkar allra
Mætum öll á 60ðaða viðburði og
sýnum samstöðu!*

Skrifstofa FÍN er að
Borgartúni 6, 3. hæð
105 Reykjavík

Opið alla virka daga frá kl.
09:00-12:00 og
13:00-16:00

Sími: 595-5175
Fax: 595-5179
Farsími: 864-9616
Netfang: fin@bhm.is
Veffang: www.fin.is
www.facebook.com

Starfsmenn á skrifstofu:

Ína Björg Hjálmarsdóttir
formaður

Maríanna H. Helgadóttir
framkvæmdastjóri

Guðmunda B. Þórðardóttir
verkefnastjóri

Margrét Rafnsdóttir
skjala- og upplýsingafulltrúi

Útgefandi: FÍN

Ábyrgðamaður:
Maríanna H. Helgadóttir

Upplag: 1710 stk.

Prentun: Umslag

Forsíðumynd:
Bandalag háskólamanna

Í desember s.l. tók Páll Halldórsson við sæti formanns Bandalags háskólamanna (BHM) eftir að Guðlaug Kristjánsdóttir sagði af sér sem formaður. Lög BHM tiltaka að formaður BHM geti ekki einnig verið formaður stéttarfélags og því tók Ína Björg Hjálmarsdóttir varaformaður FÍN við sem formaður.

Kjarasamningar við ríkið eru lausir frá síðustu mánaðarmótum, en samningar við sveitarfélög, þ.m.t. Reykjavíkurborg losna í ágúst nk. Þegar kjarasamningar aðildarfélaga BHM við ríkið voru undirritaðir á síðasta ári var um að ræða vopnahlé. Nýta átti tímann milli samninga til að ræða ýmiss málefni sem þurfti næði til að ræða. Skipaður var stýrihópur með fulltrúum ríkis, BHM og félagi forstöðumanna. Hann hafði það hlutverk að meta hvað tilteknu breytingar þyrfti að gera á stofnanasamningum til að þróa þá áfram. Helsta áhersla þessa hóps hefur verið að árangurstengja laun með tímabundnum greiðslum. Enn á eftir að reyna á hvernig gengur að innleiða slík kerfi í stofnanasamningana. Gert er ráð fyrir að stofnanir ríkisins nýti 2% af launakostnaði sínum í árangurstengd laun. Stýrihópurinn hefur gefið út handbók um gerð og innihald stofnanasamninga.

Einnig voru skipaðar fjórar samráðsnefndir sem áttu að fjalla um eftifarandi atriði: Lagaumhverfi og réttindamál; launakerfi; vaktavinnu og endurskoðun hvíldartímaákvæða; umgjörð stofnanasamninga og mat á menntun. Í stuttu máli sagt þá skilaði vinna samráðsnefndanna engu. Fulltrúar ríkisins fengust ekki til að skrifa undir neitt af því sem fulltrúar BHM lögðu fram.

Frá áramótum hafa aðildarfélög BHM bæði ein og sér og saman reynt að ná árangri í samningaviðræðum við ríkið en ekki tekist. Ljóst er að aðeins þeir sem fara í aðgerðir, hafa á undanförnum árum fengið launabætur. Kannanir félagsins sýna að félagsmenn eru tilbúnir til að grípa til verkfalls-vopnsins ef þarf. FÍN vinnur því með öðrum aðildarfélögum BHM að því að skipuleggja verkföll sem hafa sem mest áhrif en kosta okkur sem minnst. Unnið er út frá þeirri áætlun að hluti okkar félagsmanna fari í verkfall fyrir heildina og að þeir beri ekki kostnað af þeirri aðgerð. Félagið hélt félagsfund í mars og bar heimilaði félagsfundurinn að stjórn myndi hefja undirbúning verkfallsaðgerða og atkvæðagreiðsla meðal ríkisstarfsmanna hófst 16. mars sl. Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar munu liggja fyrir í lok þeirrar viku.

Mikilvægt er að við stöndum öll saman í baráttunni þannig að samninganefndir FÍN og BHM hafi góðan stuðning. FÍN stendur vel fjárhagslega ef farið verður í aðgerðir. Staða félagssjóðs er góð og kjaradeilusjóður sem félagsmenn á opinberum markaði byggðu upp hefur verið óhreyfður um all langt skeið.

Kæru félagsmenn stöndum saman í kjarabaráttunni—Baráttu okkar allra!
Kveðja, Ína Björg Hjálmarsdóttir, formaður FÍN

Fundarþoð á aðalfund 2015

Aðalfundarþoð

Boðað er til aðalfundar félagsins þann 27. mars 2015, kl: 11:30, að Borgartúni 6, í fundarsalnum Ásbrú, á 3 hæð.

Dagskrá:

1. Formaður flytur skýrslu stjórnar um félagsstarfið á liðnu starfsári.
2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins og sjóða þess með áritun skoðunarmanna reikninga.
3. Tillögur um lagabreytingar.
4. Ákvörðun um félagsgjöld.
5. Stjórnarkjör.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga.
7. Kosning í stjórn kjaradeilusjóðs.
8. Kosning siðanefndar.
9. Önnur mál.

Vinsamlegast skráið ykkur til þátttöku á fundinn á www.fin.is

Hægt verður að tengjast fundinum í gegnum netið (Google-Hangouts) eða
í gegnum fundarsíma símans (takmarkaður fjöldi)

Ákvörðun félagsgjalds

Stjórn félagsins mun ekki leggja til breytingu á félagsgjaldi félagsmanna á aðalfundi félagsins.

- Félagsgjald á opinbera markaðinum er 1% af dagvinnulaunum.
- Félagsgjald á almenna markaðinum er 0,7% af heildarlaunum, að hámarki 7.000 kr./mánuði.

Reikningar félagsins

Ársreikningar félagsins og Kjaradeilusjóðs verða aðgengilegir á vefsíðu félagsins, www.fin.is, eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund félagsins.

Tillögur að stjórn og nefndum 2015-2016

Stjórn

Tilnefning til 2 ára:

Varaformaður FÍN:

Ína Björg Hjálmarsdóttir, Landspítala - Blóðbanka

Fulltrúi trúnaðarmanna:

Kosinn af trúnaðarmönnum FÍN á fyrsta fundi trúnaðarmanna eftir aðalfund:

Núverandi fulltrúi: Björg Helgadóttir, Reykjavíkurborg

Meðstjórn:

Guðmundur Jóhannesson, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Þóroddur Fr. Þóroddsson, Skipulagsstofnun

Rakel Júlia Sigursteinsdóttir, Actavis

Ólafur Eggertsson, Skógrækt ríkisins

Stefanía Bjarnarson, Landspítala - Ónæmisfræðideild

Sigurlaug Skírnisdóttir, Matís

Sævar Ingþórsson, Háskóli Íslands

Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands

Sitja frá fyrra ári:

Formaður FÍN:

Páll Halldórsson, Félagi íslenskra náttúrufræðinga

Formaður ráðgjafarnefndar:

Trausti Baldursson, Náttúrufræðistofnun Íslands

Meðstjórn:

Svava S. Steinarsdóttir, Reykjavíkurborg

Sigurður Garðar Kristinsson, ÍSOR

Lilja Grétarsdóttir, Reykjavíkurborg

Louise le Roux, Íslenskri erfðagreiningu

Agnes Eydal, Hafrannsóknarstofnun

Kristín Hermannsdóttir, Náttúrustofu Suðausturlands

Haraldur Rafn Ingvason, Náttúrufræðistofu Kópavogs

Guðmundur Víðir Helgason

Tillögur að stjórn og nefndum 2015-2016

— Stjórn Kjaradeilusjóðs —

Tilnefning til 2 ára:

Aðalmenn:

Kristjana Bjarnadóttir, Landspítala - Blóðbanka

Þuriður Pétursdóttir

Sitja frá fyrra ári:

Aðalmenn:

Guðmundur Guðjónsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, formaður

Í stjórn Kjaradeilusjóðs sitja*:

Aðalmenn:

Formaður FÍN

Gjaldkeri FÍN

Varamenn:

Varaformaður FÍN

Ritari FÍN

* Skipað er í ofangreind embætti á fyrsta stjórnarfundi FÍN eftir aðalfund.

— Skoðunarmenn reikninga —

Tilnefning til 2 ára:

Aðalmaður: Vala Friðriksdóttir, Tilraunastöð HÍ í meinafræðum að Keldum

Varamaður: Þorsteinn Narfason, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis

Sitja frá fyrra ári:

Aðalmaður: Einar Torfason, Landspítala - Veirufræðideild

Varamaður: Björn Harðarson, Landspítala - Blóðbanka



Tillögur að stjórn og nefndum 2015-2016

— Siðanefnd —

Tilnefning til 2 ára:

Aðalmenn:

Marta Guðjónsdóttir, Reykjalundi

Jóna Freysdóttir, Landspítala

Varamaður: Viðar Helgason, Rannsóknamiðstöð Íslands

Sitja frá fyrra ári:

Aðalmenn:

Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Reykjavíkurborg

Steinunn Jakobsdóttir

Ægir Þór Þórsson,

Stjórnshípaðar nefndir

Stjórn félagsins mun á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund skipa í stjórnir og nefndir sem starfa á starfsárinu og eru upplýsingar um hverjir sitja í stjórnum og nefndum félagsins aðgengilegar á vefsíðu félagsins www.fin.is/um-felagid/stjorn-/

Tilkynning—Sjóðir BHM/FÍN

Vinsamlegast athugið að reglur Sjúkrasjóðs BHM og Styrktarsjóðs BHM hafa breyst frá og með síðustu áramótum. Kynnið ykkur þær á www.bhm.is/styrkir-og-sjodir/.

Einnig hvetjum við ykkur til að kynna ykkur reglur Starfsmenntunarsjóðs, Starfsþróunarseturs og Vísindasjóðs.

Umsóknir eru sendar inn í gegnum „Mínar síður” á slóðinni www.bhm.is/minar-sidur.

Að lokum þá bendum við á að umsóknarfrestur vegna sumarútleigu húsa innanlands hjá Orlofssjóði BHM er til 31. mars n.k. og hjá Orlofssjóði FÍN til 15. apríl nk. Umsókn/um skal skilað inn á www.bhm.is/minar-sidur hjá Orlofssjóði BHM. Umsóknareyðublað um sumarhús hjá Orlofssjóði FÍN er að finna í þessu fréttabréfi og einnig á vefsíðu FÍN, www.fin.is/sjodir-og-styrkir/orlofssjodur-fin-og-bhm/.

Tillögur að lagabreytingum

1. gr. var:

1. gr.

Félagið heitir Félag íslenskra náttúrufræðinga. Félagssvæði þess er landið allt. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

1. gr. verður:

1. gr. Almennt

Félagið heitir Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) og á ensku The Union of Natural Scientists in Iceland. Félagssvæði þess er landið allt. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. var:

2. gr.

Félagið er stéttarfélag. Hlutverk þess er:

- a) stuðla að samvinnu og samheldni náttúrufræðinga á Íslandi,
- b) að vinna að bættum kjörum félagsmanna og gæta hagsmunu þeirra í launa- og réttindamálum, meðal annars með aðild að Bandalagi háskólamanna - BHM. Félagjóð gerir kjarasamninga fyrir félagsmenn sína, hvort heldur er á almennum markaði eða hjá hinu opinbera.

2. gr. verður:

2. gr. Hlutverk

Félagið er stéttarfélag. Hlutverk þess er:

- a) Að stuðla að samvinnu og samheldni náttúrufræðinga á Íslandi
- b) Að vinna að bættum kjörum félagsmanna og gæta hagsmunu þeirra í launa- og réttindamálum, meðal annars með aðild að Bandalagi háskólamanna - BHM. Félagjóð gerir kjarasamninga fyrir félagsmenn sína, hvort heldur er á almennum markaði eða hjá hinu opinbera.

3. gr. var:

3. gr.

Félagsmenn geta orðið:

- a) þeir sem hafa lokið a.m.k. Bachelor-prófi eða sambærilegri menntun í náttúrufræðum, arkitektúr eða öðrum tengdum greinum frá háskóla eða hliðstæðum menntastofnunum,
- b) aukaaðild geta öðlast námsmenn í náttúrufræðum, arkitektúr eða öðrum tengdum greinum sem hafa lokið a.m.k. eins árs háskólanámi og ráðnir eru til tímabundinna faglegra starfa. Aukaaðild veitir full félagsréttindi önnur en kjörgengi.

3. gr. verður:

3. gr. Aðildarskilyrði

Félagsmenn geta orðið:

- a) þeir sem hafa lokið a.m.k. Bachelor-prófi eða sambærilegri menntun í náttúrufræðum, arkitektúr eða öðrum tengdum greinum frá háskóla eða hliðstæðum menntastofnunum,
- b) Aukaaðild geta öðlast námsmenn í náttúrufræðum, arkitektúr eða öðrum tengdum greinum sem hafa lokið a.m.k. eins árs háskólanámi og ráðnir eru til tímabundinna faglegra starfa. Aukaaðild veitir full félagsréttindi önnur en kjörgengi.



Tillögur að lagabreytingum

4. gr. var:

4. gr.

Beiðni um aðild að féluginu skal vera skrifleg og send féluginu ásamt afriti af prófskírteini. Framkvæmdastjóri veitir bráðabirgðaaðild að féluginu með fullum félagsréttindum. Vafaatriði eru borin undir framkvæmdastjórn. Stjórn félagsins skipar menntanefnd sem metur erlenda skóla og prófskírteini. Allar umsóknir skulu lagðar fyrir næsta stjórnarfund til endanlegrar afgreiðslu. Stjórn getur veitt undanþágu frá grein 3. ef umsækjandi er með Bachelor-próf.

4. gr. verður:

4. gr. Umsókn

Beiðni um aðild að féluginu skal vera skrifleg og send féluginu ásamt afriti af prófskírteini. Framkvæmdastjóri veitir bráðabirgðaaðild að féluginu með fullum félagsréttindum. Vafaatriði eru borin undir framkvæmdastjórn. Stjórn félagsins skipar menntanefnd sem metur erlenda skóla og prófskírteini. Allar umsóknir skulu lagðar fyrir næsta stjórnarfund til endanlegrar afgreiðslu. Stjórn getur veitt undanþágu frá 3. grein svo framarlega sem umsækjandi er með Bachelor-próf.

5. gr. var:

5. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfund skal halda eigi síðar en í mars ár hvert og skal hann boðaður öllum félagsmönnum bréflega með a.m.k. viku fyrirvara. Dagskrá skal tilgreind í fundarboði. Aðalfundur er lögmætur sé löglega til hans boðað.

Sérstök verkefni aðalfundar eru:

1. Formaður flytur skýrslu stjórnar um félagsstarfið á liðnu starfsári.
2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins og sjóða þess með áritun skoðunar manna reikninga.
3. Tillögur um lagabreytingar.
4. Ákvörðun um félagsgjöld.
5. Stjórnarkjör.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga.
7. Kosning í stjórn kjaradeilusjóðs.
8. Kosning siðanefndar.
9. Önnur mál.

Aðra félagsfundi skal halda þegar stjórn félagsins sér ástæðu til og skulu þeir boðaðir með tryggilegum hætti. Þá er stjórn félagsins skyld að boða til félagsfundar ef a.m.k. 30 fullgildir félagsmenn krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Skal boðað til hans með sama hætti og gildir um aðalfundi.

Tillögur að lagabreytingum

5. gr. verður:

5. gr. Aðalfundur

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfund skal halda eigi síðar en í mars ár hvert og skal hann boðaður öllum félagsmönnum með a.m.k. viku fyrirvara. Dagskrá skal tilgreind í fundarboði. Aðalfundur er lögmætur sé löglega til hans boðað.

Sérstök verkefni aðalfundar eru:

1. Formaður flytur skýrslu stjórnar um félagsstarfið á liðnu starfsári.
2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins og sjóða þess með áritun skoðunarmanna reikninga.
3. Tillögur um lagabreytingar.
4. Ákvörðun um félagsgjöld.
5. Stjórnarkjör.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga.
7. Kosning í stjórn kjaradeilusjóðs.
8. Kosning siðanefndar.
9. Önnur mál.

Aðra félagsfundi skal halda þegar stjórn félagsins sér ástæðu til og skulu þeir boðaðir með tryggilegum hætti.

Þá er stjórn félagsins skylt að boða til félagsfundar ef a.m.k. 30 fullgildir félagsmenn krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Skal boðað til hans með sama hætti og gildir um aðalfundi.

6. gr. var:

6. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 20 mönnum. Þeir eru formaður, varaformaður, formaður ráðgjafarnefndar og 16 meðstjórnendur, sem kosnir skulu á aðalfundi til tveggja ára í senn. Þá velja trúnaðarmenn einn fulltrúa úr sínum hópi í stjórn til tveggja ára. Á hverju ári skal kjósa hluta stjórnar þannig, að annað árið er kosinn formaður félagsins, formaður ráðgjafarnefndar og átta meðstjórnendur, en varaformaður og átta meðstjórnendur hitt árið. Á sama hátt skal á aðalfundi kjósa two skoðunarmenn reikninga, ásamt varamönnum, þannig að árlega sé kosinn einn aðalmaður og einn varamaður. Heimilt er að endurkjósa stjórnarmenn og skoðunarmenn reikninga. Engan má þó kjósa sem formann félagsins oftar en fimm sinnum. Hætti stjórnarmaður á fyrra ári kjörtímabilis eða sé hann kosinn til annarra stjórnarstarfa á aðalfundi áður en kjörtímabil hans rennur út, skal annar kjörinn í hans stað til eins árs. Allar kosningar í embætti á vegum félagsins, sem fram fara á aðalfundi, skulu vera skriflegar og leynilegar, ef ekki er sjálfkjörið.

Stjórn félagsins kýs ritara og gjaldkera úr hópi meðstjórnenda.



Tillögur að lagabreytingum

6. gr. verður:

6. gr. Stjórn og framkvæmdastjórn

Stjórn félagsins skal skipuð 20 mönnum. Þeir eru formaður, varaformaður og 17 meðstjórnendur, sem kosnir skulu á aðalfundi til tveggja ára í senn. Þá velja trúnaðarmenn einn fulltrúa úr sínum hópi í stjórn til tveggja ára. Á hverju ári skal kjósa hluta stjórnar þannig, að annað árið er kosinn formaður félagsins og níu meðstjórnendur, en varaformaður og átta meðstjórnendur hitt árið. Á sama hátt skal á aðalfundi kjósa two skoðunarmenn reikninga, ásamt varamönnum, þannig að árlega sé kosinn einn aðalmaður og einn varamaður. Heimilt er að endurkjósa stjórnarstarf og skoðunarmenn reikninga. Engan má þó kjósa sem formann félagsins oftari en fimm sinnum. Hætti stjórnarmaður á fyrra ári kjörtímabilis eða sé hann kosinn til annarra stjórnarstarfa á aðalfundi áður en kjörtímabil hans rennur út, skal annar kjörinn í hans stað til eins árs. Þeir sem gefa kost á sér til þeirra starfa sem kosið er í á aðalfundi, skulu tilkynna stjórn FÍN skriflega um framboð sitt fyrir 1. febrúar. Allar kosningar í embætti á vegum félagsins, sem fram fara á aðalfundi, skulu vera skriflegar og leynilegar, ef ekki er sjálfkjörið.

Stjórn félagsins kýs ritara, gjaldkera og meðstjórnanda í framkvæmdastjórn úr hópi stjórnar-manna. Framkvæmdastjórn starfar í umboði stjórnar félagsins og sér um útfærslu á samþykktum hennar. Í framkvæmdastjórn sitja formaður félagsins, varaformaður, ritari, gjaldkeri og einn meðstjórnandi. Framkvæmdastjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur þess og ákvarðar launa-kjör framkvæmdastjóra og formanns.

7. gr. var:

7. gr.

Stjórn félagsins er jafnframt samninganefnd þess og fer með gerð kjarasamninga fyrir þess hönd. Framkvæmdastjórn starfar í umboði stjórnar félagsins og sér um útfærslu á samþykktum hennar. Í framkvæmdastjórn sitja formaður félagsins, varaformaður, ritari, gjaldkeri og einn meðstjórnandi. Framkvæmdastjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur þess og ákvarðar launa-kjör framkvæmdastjóra og formanns.

Stjórn félagsins skal beita sér fyrir að trúnaðarmenn séu kjörnir á vinnustöðum félagsmanna og boða þá á fund einu sinni á ári og oftari ef þörf krefur. Stjórnin tilnefnir umsjónarmenn þeirra. Þegar fulltrúi trúnaðarmanna í stjórn hefur setið í tvö ár skal fundur trúnaðarmanna haldinn innan mánaðar frá aðal-fundi til að velja fulltrúa þeirra í stjórn. Hætti hann sem trúnaðarmaður skal nýr fulltrúi valinn á fundi trúnaðarmanna til loka tímabilisins.

Stjórn félagsins og trúnaðarmenn mynda samráðsnefnd. Skal hún kvödd saman til ráðuneytis um allar meiri háttar ákvarðanir um kjaramál verði því ekki við komið að kalla saman félagsfund.

Ráðgjafarnefnd er stjórn félagsins til ráðgjafar og samráðs. Formaður ráðgjafarnefndar er kosinn á aðal-fundi og situr í stjórn félagsins. Formaður félagsins og formaður ráðgjafarnefndar skulu í sameiningu til-nefna a.m.k. two fulltrúa til setu í nefndinni til tveggja ára í senn. Í nefndinni skulu sitja félagsmenn sem hafa mikla reynslu af trúnaðarstörfum fyrir félagið.

Samstarfsnefndir starfa samkvæmt ákvæðum kjarasamninga félagsins og taka á ágreiningsefnum við túlkun kjarasamninga svo og endurskoðun þeirra. Formaður félagsins skipar fulltrúa þess í nefndirnar.

Tillögur að lagabreytingum

7. gr. verður:

7. gr. Samninganefndir, samstarfsnefndir og trúnaðarmenn

Stjórn félagsins er jafnframt samninganefnd þess og fer með gerð kjarasamninga fyrir þess hönd. Hún kallar til samningastarfa trúnaðarmenn, starfsmenn og sérfræðinga eftir þörfum. Stjórn félagsins skal beita sér fyrir að trúnaðarmenn séu kjörnir á vinnustöðum félagsmanna og boða þá á fund einu sinni á ári og oftar ef þörf krefur. Þegar fulltrúi trúnaðarmanna í stjórn hefur setið í tvö ár skal fundur trúnaðarmanna haldinn innan mánaðar frá aðalfundi til að velja fulltrúa þeirra í stjórn. Hætti hann sem trúnaðarmaður skal nýr fulltrúi valinn á fundi trúnaðarmanna til loka tímabilsins.

Samstarfsnefndir starfa samkvæmt ákvæðum kjarasamninga félagsins og taka á ágreiningsefnum við túlkun kjarasamninga svo og endurskoðun stofnanasamninga. Formaður félagsins skipar fulltrúa þess í nefndirnar.

8. gr. verður óbreytt að öðru leiti en því að sett er inn eftirfarandi kaflaheiti:

8. gr. Reikningsár

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

9. gr. verður óbreytt að öðru leiti en því að sett er inn eftirfarandi kaflaheiti:

9. gr. Félagsgjöld

Félagsgjöld skulu ákveðin á aðalfundi.

10. gr. verður óbreytt að öðru leiti en því að sett er inn eftirfarandi kaflaheiti:

10. gr. Kjaradeilusjóður

Félagið starfrækir kjaradeilusjóð. Reglur um starfsemi sjóðsins skulu settar á aðalfundi og honum jafnframt markaður tekjustofn. Eignum kjaradeilusjóðs og tekjum skal haldið algerlega aðgreindum frá öðrum fjármunum félagsins og er óheimilt að verja þeim til annarra þarfa en þeirra sem falla undir reglur um starfsemi sjóðsins.

11. gr. verður óbreytt að öðru leiti en því að sett er inn eftirfarandi kaflaheiti:

11. gr. Siðanefnd

Siðanefnd starfar á vegum félagsins. Aðalfundur setur henni starfsreglur.

12. gr. verður óbreytt að öðru leiti en því að sett er inn eftirfarandi kaflaheiti:

12. gr. Bandalag háskólamanna

Stjórn félagsins skipar fulltrúa á aðalfund Bandalags háskólamanna – BHM. Formaður, og varaformaður í forföllum hans, sitja í formannaráði BHM í samræmi við gildandi lög þess.

13. gr. var:

13. gr.

Meginkröfugerð vegna kjarasamninga skal rædd á vinnustaðafundum og álits fundarmanna leitað. Ákvörðun um boðun verkfalls skal ávallt vera háð samþykki félagsfundar.



Tillögur að lagabreytingum

13. gr. verður:

13. gr. Kröfugerð

Meginkröfugerð vegna kjarasamninga skal rædd á vinnustaðafundum og álits fundarmanna leitað.

14. gr. var:

14. gr.

Kjarasamninga fyrir hönd félagsins skal undirrita með fyrirvara um samþykki viðkomandi félagsmanna á fundi eða í allsherjartkvæðagreiðslu, sem hefjist ekki seinna en 7 sólarhringum frá undirritun samnings. Verkfalli skal ekki frestað fyrr en tillaga þar að lútandi hefur verið samþykkt á almennum félagsfundi og skal halda þann fund innan sólarhrings frá undirritun samninga.

14. gr. verður:

14. gr. Kjarasamningar

Kjarasamninga fyrir hönd félagsins skal undirrita með fyrirvara um samþykki viðkomandi félagsmanna á fundi eða í allsherjartkvæðagreiðslu.

15. gr. verður óbreytt að öðru leiti en því að sett er inn eftirfarandi kaflaheiti:

15. gr. Afsögn stjórnar

Komi til þess að stjórn félagsins segi af sér störfum skal hún boða til félagsfundar. Skal til hans boðað eins og aðalfundar. Á honum fari að lágmarki fram öll þau störf aðalfundar sem nauðsynleg eru við stjórnarskipti, þ.e. dagskrárlíðir 1, 2 og 5, sbr. 5. grein.

16. gr. verður óbreytt að öðru leiti en því að sett er inn eftirfarandi kaflaheiti:

16. gr. Úrsögn

Úrsögn úr féluginu skal vera skrifleg og taka gildi um önnur mánaðamót eftir að hún berst féluginu. Úrsögn skal þó ekki taka gildi ef vinnustöðvun hefur verið boðuð hjá vinnuveitanda viðkomandi félagsmanns eða á meðan á vinnustöðvun stendur.

17. gr. verður óbreytt að öðru leiti en því að sett er inn eftirfarandi kaflaheiti:

17. gr. Lagabreytingar

Lögum þessum er aðeins hægt að breyta á lögmætum aðalfundi með tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist stjórn félagsins fyrir 1. febrúar. Tillögur um lagabreytingar skulu tilkynntar í fundarboði.

18. gr. verður óbreytt að öðru leiti en því að sett er inn eftirfarandi kaflaheiti og nýr gildistími:

18. gr. Gildistími

Lög þessi öðlast gildi 27. mars 2015. Jafnframt falla eldri lög félagsins úr gildi.

Umsóknareyðublað um orlofshús

Nafn:	
Heimili:	Póstnúmer:
Kennitala:	Heimasími:
Vinnustaður:	Sími:
Prófaldur: <i>(BSc útskriftarár)</i>	Netfang:

Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl 2015

Ég óska eftir dvöl í summar í sumarhúsi FÍN í

Merktu 1, 2, 3 o.s.frv. Í gráu reitina (ekki X) við alla valkost sem möguleiki er á að nýta, í gráu reitina þannig að 1 er besti valkostur. Mælt er með að merkt sé við fleiri en einn valkost til að auka líkur á úthlutun.

Skógarkoti Vikuleiga: 30.000 kr.		Fullsæl	Vikuleiga: 23.000 kr.
29.maí-5.jún.		29.maí-5.jún.	
05.06.-12.06.		05.06.-12.06.	
12.06.-19.06.		12.06.-19.06.	
19.06.-26.06.		19.06.-26.06.	
26.jún.-3.júl.		26.jún.-3.júl.	
03.07.-10.07.		03.07.-10.07.	
10.07.-17.07.		10.07.-17.07.	
17.07.-24.07.		17.07.-24.07.	
24.júl.-31.júl.		24.júl.-31.júl.	
31.júl.-7.ágú.		31.júl.-7.ágú.	
7.08.-14.08.		7.08.-14.08.	
14.08.-21.08.		14.08.-21.08.	
21.08.-28.08		21.08.-28.08	
28.ágú.-4.sep.		28.ágú.-4.sep.	



**Félag íslenskra náttúrufræðinga
v/sumarúthlutunar
Borgartúni 6
105 Reykjavík**

Frímerki

**Einnig er hægt að senda umsóknina í tölvupósti á
Netfangið fin@bhm.is**

**Eða að senda hana með faxi á
595-5179**

UMSÓKN ÞARF AÐ SENDA EIGI SÍÐAR EN 15. APRÍL 2015

Umsóknareyðublað um orlofshús

Páskar

Nafn:	
Heimili:	Póstnúmer:
Kennitala:	Heimasími:
Vinnustaður:	Sími:
Prófaldur: (BSc útskriftarár)	Netfang:

Umsóknarfrestur er til og með 19. mars 2015

Ég óska eftir dvöl um páskana í sumarhúsi FÍN í:

(merkið X í gráa reitinn)

Skógarkoti	Fullsæl
Húsið er staðsett í Norðtunguskógi í Borgarfirði og rúmar húsið allt að 14-16 manns.	Húsið er austan við Laugavatn, í landi Syðri Reykja og rúmar húsið 4-6 manns.
Vikan kr. 30.000	Páskavikan kr. 23.000
1.-8 .apríl	1. –8. apríl

Sendið umsóknina í pósti:

Félag íslenskra náttúrufræðinga
v/páskaútlutunar
Borgartúni 6
105 Reykjavík

Eða í tölvupósti á netfangið fin@bhm.is eða faxi 595 5179

Berist til:

Vinsamlegast látið vita um breytt heimilisfang, netfang, símanúmer og vinnustað á netfangið fin@bhm.is

Orlofshús FÍN - Orlofsvalkostir sumarið 2015 Skógarkot í Borgarfirði

Skógarkot er mjög rúmgott timburhús í Norðtunguskógi u.p.b. 2 km. ofan við bæinn Norðtungu í þverárhlíð í Borgarfirði. Skógarkot stendur eitt og sér í þéttvöxnum skógi.

Húsið er það stórt að það rúmar vel 2 - 3 fjölskyldur. Í húsinu er tvö svefnherbergi á jarðhæð. Tvíbreitt rúm er í öðru herberginu og rúm sem er ein og hálf breidd í hinu herberginu. Á efri hæð eru tvö svefnloft með samtals sjö rúmum (4+3+1) og eitt herbergi með einum litlum svefnsofa. Auk þess eru í húsinu tvær aukadýnur, tvö samanbrotin barnarúm og tveir barnastólar. Á neðri hæð er rúmgóð stofa, borðstofa, eldhús, baðherbergi, sturta, geymsla og þvottahús með bakinngangi. Í eldhúsinu er eldavél, ísskápur, örbylgjuofn og borðbúnaður fyrir a.m.k. 18 manns. Sængur og koddar eru fyrir 14 en gestir þurfa að taka með sér allt lín. Í bústaðnum eru tvö sjónvörp ásamt DVD spilara og tvö útvörp með geislaspilara. Stórt gasgrill er á staðnum. Við húsið er góð verönd með úthúsgögnum og heitum potti. Ein róla og sandkassi er til staðar fyrir börnin, ásamt fötum og skóflum.

Vikuleiga kr. 30.000



Fullsæll í Biskupstungum

Fullsæll er lítið sumarhús í landi Syðri-Reykja í Biskupstungum og er ca. 45 fermetrar án svefnlofts.



Í húsinu eru tvö svefnherbergi annað með hjónarúmi en hitt með koju (þ.e. rúm og hákoja), baðherbergi með sturtu, stofa með litlum svefnsofa, eldhúskrókur með eldavél og ísskáp. Í húsinu er samanbrotið barnarúm og barnastóll. Sængur og koddar eru fyrir sex en gestir þurfa að hafa með sér allt lín. Borðbúnaður er fyrir a.m.k. 10 manns. Útvarp og sjóvarp er í bústaðnum og millistórt gasgrill. Stór verönd er við húsið ásamt heitum potti og þá eru góðar rólur og sandkassi til staðar fyrir börn. Heimilt er að veiða í ánni Fullsæl sem rennur fyrir neðan

húsið og er veiðigjaldið innifalið í leigunni.

Vikuleiga kr. 23.000